
2022 nr. 5 31. janúar
Forsetaúrskurður um skiptingu Stjórnar-
ráðs Íslands í ráðuneyti

Tók gildi 1. febrúar 2022.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar og laga um Stjórnarráð Íslands skiptist Stjórnarráð Íslands í ráðuneyti sem hér segir:

1. forsætisráðuneyti,
2. dómsmálaráðuneyti,

3. félags- og vinnumarkaðsráðuneyti,
4. fjármála- og efnahagsráðuneyti,
5. háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti,
6. heilbrigðisráðuneyti,
7. innviðaráðuneyti,
8. matvælaráðuneyti,
9. menningar- og viðskiptaráðuneyti,
10. mennta- og barnamálaráðuneyti,
11. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti,
12. utanríkisráðuneyti.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. febrúar 2022. . . .